

## Yfirlit í lok árs – frá sveitarstjórn

Árið 2022 rennur fljótlega sitt skeið og nýtt ár tekur við.

Síðastliðið ár hjá Reykhólahrepp hefur bæði verið skemmtilegt og á sama tíma mikið af krefjandi verkefnum. Ný sveitarstjórn var kosin til starfa í sveitarfélaginu og hefur tekið til starfa. Sveitarstjórnina skipa Árný Huld Haraldsdóttir (oddviti), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (varaoddviti), Hrefna Jónsdóttir, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir og Vilberg Þráinsson. Sveitarstjóri Reykhólahrepps er Ingibjörg Birna Erlingsdóttir og hefur sinnt starfi sínu sem sveitarstjóri af heilindum og metnaði, því er mikið happ að hafa svo hæfa manneskju við störf fyrir sveitarfélagið.

Í júní var farið yfir ársreikning Reykhólahrepps 2021 þar sem var bókað: „*Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2021 námu 697,4 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta, en þar námu rekstrartekjur A hluta 481,5 millj. kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 34,1 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 8 millj. kr. Heildareignir sveitarfélagsins námu 688 millj. kr. og heildarskuldir 173,2 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 514,8 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 420,1 millj. kr.*“ Sveitarstjórn var ánægð með niðurstöðuna og hrósaði lykilstarfsfólki sveitarfélagsins fyrir ábyrgð í fjármálum og ekki síst Ingibjörgu fyrir góða yfirsýn og metnað fyrir fjármálum sveitarfélagsins.

Vinna við framkvæmdir á höfninni í Reykhólahrepp hefur sennilega ekki farið fram hjá neinum og mun sú vinna halda áfram eftir áramót. Framkvæmdin er eitt stærsta verkefni sem hefur verið unnið í sveitarfélaginu síðusliðin ár, en verkefninu mun ljúka árið 2023.

Áskorun hefur verið fyrir sveitarfélagið að mæta húsnæðisþörf í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hefur unnið að því að leita leiða til að mæta þessari þörf. Því fagnar sveitarstjórn því að úthlutað hefur verið byggingalóð að Hellisbraut 58-64, sem er raðhúsalóð fyrir 4 íbúðir, til Landsbyggðarhúsa ehf. og mun þeirra uppbygging fara fram á komandi ári.

Mikil og góð vinna hefur farið fram við endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps 2022-2034 og hefur hún verið send til Skipulagsstofnunar til lokaafgreiðslu.

Samstarfsverkefni hefur verið um tómstundastarf í Reykhólahrepp og sveitarfélögin í okkar næsta nágrenni og verður því góða samstarfi heldið áfram.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 á sveitarstjórnarfundi þann 9. nóvember með eftirfarandi bókun:

„*Áætlunin gerir ráð fyrir samanlögðum tekjum að upphæð 966 millj. og rekstrargjöldum að upphæð kr. 923 millj. fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld verði 7,6 millj. Rekstrarniðurstaða ársins 2023 verði 35 millj. í hagnað. Helstu verkefni sem farið verði í árið 2023 verði áframhaldandi vinna við Reykhólahöfn, gatnagerð og malbikun á Reykhólum auk viðhalds á Reykhólaskóla.*“

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur ákveðið að taka lán til að vinna að lögnum og gatnagerð við 2 “nýjar götur”, auk þess að vinna að malbikun á Reykhólum.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur samþykkt að setja fjármagn inn í stofnanir sveitarfélagsins til að sinna viðhaldi við byggingar sem hýsa starfsemi sveitarfélagsins. Liður í því er að auka umsvif áhaldahúss svo þessu verði komið við og verður starf vegna þess auglýst fljótlega eftir áramót. Verkfræðistofa verður fengin til að setja upp í tímaröð þau viðhaldsverkefni sem liggja fyrir í stofnunum, þar sem mörg og mikil verkefni eru fyrir höndum. Þar að auki munum við fá arkitekt til að finna leiðir með okkur til að nýta svæði í Barmahlíð sem hefur ekki verið nýtt.

Til að mynda hefur verið ákveðið að setja fjármagn í viðhald á grunnskóla, einnig með tilliti til aðgengis fatlaðra, endurnýjun á kæli og fyrsti í Reykhólaskóla, viðhald á Mjólkurbúshúsi, viðhald á húsnæði Barmahlíðar og fleira.

Árið 2022 sótti Vestfjarðastofa, fyrir hönd Reykhólahrepps, um styrk í C1 í byggðaaætlun, sérstök verkefni sóknaráætlunarsvæða, og fékk ríflegan styrk. Verkefnið snýr að því að búa til græna iðngarða á Reykhólum. Til að sinna verkefninu hefur verið gerður samningur við fyrirtæki sem heitir Yorth Group, sem sérhæfir sig í verkefnum tengdum hringrásarhagkerfinu.

Til að ná að vinna verkefnið í sátt við samfélag og nýta þá möguleika sem okkur er gefið hefur Reykhólahreppur gert ráð fyrir að ráða inn verkefnastjóra næstu tvö árin til að vinna samhliða verkefninu.

Í stjórnarsáttmála ríkisins kemur fram að Ísland ætli að ná fullu kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, Reykhólahreppi ber því að taka þátt í því að vinna að kolefnishlutleysi. Hins vegar þarf sú vinna að fara fram með þeim hætti að íbúar samfélagsins hafi aðkomu að verkefninu og mannauðurinn sem er til staðar fái að koma með innlegg í umræðuna.

Staða Reykhólahrepps inn í loftlagsumræðuna byggir á miklum tækifærum og með því að leggja vinnu í þessa vegferð teljum við að við séum að skapa sérstöðu á Reykhólum í sjálfbærum lausnum, kolefnis hlutleysi og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Á fundi ungmennaráðs 6. október komu fram góðar hugmyndir að verkefnum til að skoða samhliða fjárhagsáætlunargerð. Sveitarstjórn gerir ráð fyrir að styrkja ungmennafélagið um 1 milljón til uppbyggingar á íþróttaaðstöðu. Samþykkt var að leggja pening í að koma upp aparólu í Hvanngarðabrekku og að setja upp sauna klefa við sundlaugina.

Sveitarfélagið horfir á viðhorf ungmenna til uppbyggingar inn í framtíðina og þakkar fyrir góðar hugmyndir frá ungmennum.

Líkt og á öllu landinu verður gerð breyting á sorphirðu á Reykhólum til að mæta þeim lögum sem taka gildi nú um áramót. Skipulagið verður kynnt mjög fljótlega og breytingunum framfylgt.

Við samþykkt á álagningu gjalda í Reykhólahreppi fyrir árið 2023 kemur fram að álagningaprósenta fasteignagjalda og lóðaleiga verði óbreytt. Þá kemur einnig fram: „*Álagningarprósenta útsvars á tekjur ársins 2023 er 14,74%, þar af eru 1,21% sem renna í jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk sem undirritað var 16. desember 2022.*“ „*Tekjuviðmið vegna afsláttar af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega hækkar um 10% - 4.730.000.- kr. hjá einstaklingi og 6.710.000.- kr. hjá hjónum.*“

Þá kemur fram að sveitarstjórn samþykkti að lækka mótuneytisgjöld um 50% til nemenda í leik- og grunnskólanum. Nú þegar hafa leikskólagjöld við leikskólann verið felld niður, tómstundastarf á vegum Reykhólahrepps sækja börn í sveitarfélaginu sér að kostnaðarlausu og tónlistarskóli er gjaldfrjál. Auk þess hefur sveitarstjórn samþykkt að gerðar verði reglur að styrkveitingu til framhalsskólanemendur með lögheimili í Reykhólahreppi að 19 ára aldri, mennta- og menningamálanefnd verður falið að setja upp útfærslu og úthlutunarreglur.

Gjöld í Grettislaug var samþykkt að hækkuðu en íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt m styrk til greiðslu árskorta í Grettislaug, með framvísun á greiðslukvittun. Gjöld af útleigu á húsnæði Reykhólaskóla yfir helgi voru hækkuð um 20% Aðrar gjaldskrár voru samþykktar með vísitöluhækkun.

Við þökkum fyrir samfylgdina á árinu sem er að líða og óskum ykkur velfarnaðar á nýju ári. Gleðilegt nýtt ár.

Þess óskar sveitarstjórn Reykhólahrepps

Árný Huld Haraldsdóttir

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Hrefna Jónsdóttir

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir

Vilberg Þráinsson